

Tillaga um uppfærslu forgangsröðunar í uppbyggingu íþróttamannvirkja

Lagt er til að hafin verði vinna við uppfærslu forgangsröðunar í uppbyggingu íþróttamannvirkja í samræmi við gildandi stefnu í íþróttamálum Reykjavíkur til ársins 2030. Leitað verði eftir sjónarmiðum íþróttafélaganna í Reykjavík, jafnt hverfisíþróttafélaga sem sérgreinafélaga. Litið verði til þeirrar vinnu sem átti sér stað árið 2020 í samráði við Íþróttabandalag Reykjavíkur og byggt á þeim grunni. Menningar- og íþróttasviði er falið að undirbúa drög að erindisbréfi stýrihóps sem skipaður yrði fulltrúum ráðsins auk fulltrúa ÍBR og leggja fyrir næsta reglulega fund menningar -og íþróttaráðs.